



Fundir og ráðstefnur á Ísafirði og í nágrenni

Fundarfríður og afþreying í ægifygru umhverfi



Á Ísafirði og í nágrenni má finna allt sem til þarf fyrir ráðstefnu- og fundahöld af ýmsu tagi. Vissulega má finna slíka aðstöðu víðar á landinu, en það er margt sem svæðið hefur uppá að bjóða sem vandfundið er annars staðar. Erfitt er að finna annan stað þar sem hægt er að njóta vinnufriðar í fagurri náttúru en vera á sama tíma steinsnar frá veitinga- og kaffihúsum, verslunum og iðandi mannlífi .

Glögg er gests augað og hefur það komið mörgum aðkomumanninum á óvart hversu mikill stórborgarbragur getur verið á ekki stærri stað en Ísafirði. Öflugur miðbæjarkjarni, heilu hverfi gamalla húsa og mikil þjónustulund og gestrisni bæjarbúa er það sem kannski helst einkennir Ísafjörð.

Eins öflugur og Ísafjörður er þá þurfa allir góða nággranna. Bæirnir í kring; Bolungarvík, Súðavík, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri eru ómissandi hluti af heildarmyndinni. Fiskurinn, fólkíð og félagslífið eru það sem byggði bæina upp og heldur þeim við. Rómantik sjávarþorpsins er allsráðandi á þessum stöðum og innblásnir af henni hafa heimamenn byggt upp góða aðstöðu svo aðrir geti fengið að njóta þess sama.

Það er að mörgu að huga þegar skipuleggja þarf viðburði eins og fundi og ráðstefnur. Fagleg þjónusta, góðir afþreyingamöguleikar, hentugir fundasalir, friður og áslappað umhverfi og síðast en ekki síst góð skipulagning. Því er mikilvægt að leita til fagaðila þega skipuleggja þarf slíka viðburði en bæði ferðaskrifstofan Vesturferðir og Flugfélag Íslands taka að sér að skipuleggja fundi og ráðstefnur á Ísafirði og í nágrenni.



Gisting / Veitingar

**Arnardalur | Einarshúsið | Gamla Gistihúsið | Heydalur | Hótel Edda | Hótel Ísafjörður
Hótel Núpur | Thai Koon | Við Pollinn**

Á Ísafirði og í nágrenni er glæsilegt úrval veitingastaða af öllum stærðum og gerðum sem henta fyrir litla og stóra hópa. Allt frá veitingastöðum sem bjóða upp á matseld úr vestfirsku hráefni eða sem töfra fram eldheita tælenska rétti til að nærast á, getur þú verið viss um að finna eitthvað við allra hæfi.



Arnardalur

Heimabæ, Arnardal, 401 Ísafjörður

S: 860-6062

www.arnardalur.is

Arnardalur er í utanverðum Skutulsfirði, í um 10 mínútna fjarlægð frá Ísafirði. Þar hafa fjárhús og hlaða óðlast algjörlega nýtt hlutverk eftir miklar endurbætur. Fjárhúsið hefur verið klætt og innréttað og er nú hægt að halda þar fundi, ráðstefnur, móttökur og veislur fyrir allt að 70 manns. Internettenging, skjávarpi og hljóðkerfi eru í boði í þessu nýtisku fjárhúsi svo fundargesti ætti ekki að vanhaga um neitt. Hægt er að kaupa ýmis konar veitingar fyrir hópa.

Djúpur dalur liggur inn af Heimabæ en í göngufæri til austurs er Arnarnes þar sem í boði er magnað útsýni yfir Ísafjarðardjúp og blóðrautt sólarlag sem óvída þykir fegurra en á nesinu.

Hægt er að panta skemmtilega afþreyingu og sjá húsráðendur um að skipuleggja ratleiki og/eða aðra samkvæmisleiki ef svo ber undir.

Einarshúsið

Hafnargötu 41, 415 Bolungarvík

S: 456-7901, 864-7901

www.einarshusid.is

Í þessu merka húsi bjuggu tveir mestu athafnamenn Bolungarvíkur á 20. öldinni, þeir Pétur Oddsson og Einar Guðfinnsson. Húsið er tvílyft timburhús á steinsteypukjallara, byggt árið 1904 og var á sínum tíma með stærstu og reisulegustu íbúðarhúsum landsins.

Húsið var í niðurníðslu þegar núverandi eigendur tóku við því fyrir fimm árum en það hefur nú verið endurbyggt í sinni upprunalegu mynd og þykir hin mesta bæjarþróði í dag.

Í húsinu er fundaraðstaða fyrir 40 til 50 manns. Þar er í boði öll nútíma aðstaða; Internet, skjávarpi og hljóðkerfi. Veitingastaður er á fyrstu hæð hússins þar sem áhersla er lögð á ferska sjávarrétti. Í kjallara hússins er síðan staðsett krá þeirra Bolvíkinga sem opin er um helgar og þegar þörf er á.

Gamla Gistihúsið

Mánagata 5, 400 Ísafjörður

S: 897-4146

www.gistihus.is

Gamla gistihúsið er 2ja stjarna heimilislegt gistiheimili vel staðsett á besta stað í miðbæ Ísafjarðar. Gistirympi er fyrir 21 í níu björtum herbergjum á tveimur hæðum.

Herbergin eru rúmgóð og björt og öll með handlaug og sjónvarpi. Notalegir baðsloppar fylgja öllum herbergjum.

Sameiginleg bað- og snyrtiaðstaða er á hvorri hæð.

Morgunverður er framreiddur í notalegum morgunverðarsal en auk þess hafa gestir aðgang að eldunaraðstöðu. Í bland við hefðbundinn morgunmat eins og morgunkorn, kaffi og súrmjolk er kostur úr héraði. Þannig er brauðið nýbakað úr Gamla bakaríinu og hin frábæra niðursoðna lifur frá H-G, gerist ekki hollara.

Práðlaus nettenging er í öllu húsinu gestum að kostnaðarlausu.

Góð aðstaða er fyrir hreyfihamlaða. Setustofa með tölvu og bókahorni. Einnig er boðið upp á svefnpokapláss fyrir allt að 21 í sérhúsi, þar er góð snyrtiaðstaða, setustofa með sjónvarpi auk eldunaraðstöðu. Gamla gistihúsið er reyklaust.





Heydalur

Heydal, Mjóafirði, 420 Súðavík

S: 456-4824

www.heydalur.is

Sveitahótelíð Heydalur er í 135 km fjarlægð frá Ísafirði og 320 – 360 km fjarlægð frá Reykjavík eftir því hvaða leið er valin. Veitingasalur rúmar vel 100 manns og heppileg fundaraðstaða er fyrir 10 – 40 manns. Boðið er upp á gistingu fyrir 20 – 30 manns í átta, tveggja manna herbergjum og einu þriggja manna herbergi með sér baðherbergjum og fimm tveggja manna herbergjum í sumarbústað. Gott tjaldstæði. Náttúruleg vígð af Gvendi góða.

Gnægð afþreyingar er í boði. Kajak- og hestaleiga og veiði í vötnum á sumrin og á veturna vélsleðaferðir og ágætis gönguskíðaleiðir. Falleg gönguleið er inn dalinn sem eitt sinn rúmaði 13 bæi. Ríkt fuglalíf og fugla- og plöntusjöld eru til fróðleiks. Húsráðendur eru sveigjanlegir og reyna að mæta þörfum sinna gesta.

Hótel Edda

Torfnesi, 400 Ísafjörður

S: 444-4960

www.hoteledda.is

Hótel Edda og tjaldstæði eru rekin í Menntaskólanum á Torfnesi í um 1 km. fjarlægð frá miðbæ Ísafjarðar. Hótelíð er opið frá júníþrjú til 20. ágúst. Á Hótel Eddu eru 40 gistiherbergi, 20 notlaleg nýuppgerð herbergi með baði og að auki 20 herbergi með handlaug. Öll herbergin eru reyklaus. Í anddyri er nettengd tölvu til afnota fyrir gesti hótelsins þeim að kostnaðarlausu. Einnig er boðið upp á svefnpokagistingu og tjalðsvæði við skólann. Á Hótel Eddu er framreiddur ríkulegur morgunverður.

Hótel Ísafjörður

Silfurtorgi 2, 400 Ísafjörður

S: 456-4111

www.hotelisafjordur.is

Hótel Ísafjörður er þriggja stjarna hótél við Silfurtorg, í hjarta Ísafjarðar steinsnar frá allri þjónustu. Á hótelinu eru 36 tveggja manna herbergi og innréttuð í léttum skandinavískum stíl. Herbergin eru öll með baði og helstu þægindum svo sem sjónvarpi, sima, hárpurrku og kaffisetti, auk þess sem háhraða nettengin er á öllum herbergjum til afnota fyrir gesti þeim að kostnaðarlausu. Frábært útsýni úr öllum herbergjum, annað hvort yfir Silfurtorg eða Pollinn. Í næsta nágrenni eru einnig sundlaug, upplýsingamiðstöð, sófn og strætisvagnar.

Veitingasalurinn er opinn allan daginn og þar er boðið upp á morgunverð auk hádegis og kvöldverðar.

Starfsfólk hótelsins leggur sitt af mörkum til að gera dvölinna bæði ánægjulega og þægilega og hefur faglegan metnað til að takast á við viðfangsefni af ýmsu tagi. Persónuleg þjónusta og heimilislegt andrúmsloft hótelsins og nálægð við einstæða nátturu skapar ódrúvisi umgjörð.





Hótel Núpur
Núpi, Dýrafirði, 471 Þingeyri
S: 456-8235
www.hotelnupur.is

Hótel Núpur er í fyrrum héraðsskóla að Núpi í Dýrafirði, umvafinn tignarlegum fjöllum með ólýsanlegu útsýni yfir fegurstu tinda Vestfjarða og sægrænan Dýrafjörðinn. Steinsnar frá hótelinu eru margar af þeim Vestfjarða, eins og til dæmis Skrúður, elsti skrúðgarður landsins sem aðrir slíkir garðar draga nafn sitt af. Dynjandi í Arnarfirði og fjallið Kaldbakur eru aðrir staðir sem vert er að heimsækja.

Á Núpi þurfa menn ekki að sitja eins og sild í tunnu, þar er vitt til veggja og stórir salir. Matsalur ræður við um 250 manna ráðstefnu, íþróttaalur tekur um 300 í sæti og þar að auki eru fimm stofur sem hver um sig rúma milli 30 og 50 manns. Boðið er upp á skjávarpa, Internet og hljóðkerfi. Þá er gistirými fyrir um 90 manns í uppábynum rúmun auk þess sem svefnpokagisting er í boði fyrir hópa.

Thai Koon
Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafjörður
S: 456-0123

Veitingastaðurinn Thai Koon var opnaður í verslunarmiðstöðinni Neista í miðbæ Ísafjarðar árið 2002. Eins og nafnið gefur til kynna sérhæfir staðurinn sig í tælenskri matargerð og hefur hann óðlast fastan sess hjá mörgum Ísfirðingum og þeim gestum sem hafa heimsótt bæinn.

Matsalurinn tekur um það bil 25 manns í sæti en þar að auki er boðið upp á veisluþjónustu fyrir fleiri hundruð manns ef því er að skipta. Tælenskir smaréttir henta einkar vel í kokteilboð og móttökur, en þar að auki hefur veisluhlaðboró Thai Koon vakið lukku hvert sem það hefur farið.

Við Pollinn
Silfurtorgi 2, 400 Ísafjörður
S: 456-3360
www.vidpollinn.is

Veitingastaðurinn Við Pollinn er á jarðhæð Hótel Ísafjarðar. Staðurinn stendur vissulega undir nafni og njóta matargestir fallets útsýnis yfir Pollinn og inn Skutulsfjörðinn. Veitingastaðurinn og veisluþjónustan Strákarnir er starfrækt af tveimur ungum kokkum, þeim Halldóri Karli Valsyni og Eriki Gisla Johansyni. Notast er við úrvals hráefni og leitast við að bjóða upp á ferskan mat úr nánasta nágrenni, fisk og kjötrétti og ljúffengar kökur sem útbúnar eru á staðnum.

Veitingasalur tekur um 100 manns við borð. Þar er einnig vel útbúin fundaraðstaða fyrir ríflega 50 manns með skjávarpa, hljóðkerfi og interneti.

Veisluþjónusta Strákanna hentar vel fyrir kokteilboð, matarveislur og fleira, hvort sem notast er við veislusal fyrirtækisins eða annað húsnæði í nágrenninu.





Fundir og ráðstefnur

***Arnardalur | Byggðasafnið | Eðinborgarhúsið | Einarshúsið | Faktorshúsið | Heydalur
Hótel Ísafjörður | Hótel Núpur | Náttúrustofa Vestfjarða | Safnahúsið | Skrifstofuhótelíð***

Hvort sem halda á ráðstefnu, lítinn fund eða fjölmenn þing þá hefur svæðið upp á að bjóða fjölbreytta fundasali með fullkominni aðstöðu.

Fundarsalir með útsýni, fundarsalir með fullkominni aðstöðu, fundarsalir út í náttúrunni, fundarsalir í burtu frá skarkala heimsins, fundarsalir fyrir stóra hópa eða fundarsalir fyrir litla hópa. Þú finnur þetta allt á Ísafirði og í nágrenni!



Fundir og ráðstefnur

Arnardalur | Byggðasafnið | Eðinborgarhúsið | Einarshúsið | Faktorshúsið | Heydalur | Hótel Ísafjörður | Hótel Núpur
Náttúrustofa Vestfjarða | Safnahúsið | Skrifstofuhótelíð

Arnardalur

Heimabæ, Arnardal, 401 Ísafjörður

S: 860-6062

www.arnardalur.is

Arnardalur er í utanverðum Skutulsfirði, í um 10 mínútna fjarlægð frá Ísafirði. Þar hafa fjárhús og hlaða öðlast algjörlega nýtt hlutverk eftir miklar endurbætur. Fjárhúsið hefur verið klætt og innréttað og er nú hægt að halda þar fundi, ráðstefnur, móttökur og veislur fyrir allt að 70 manns. Internettenging, skjávarpi og hljóðkerfi eru í boði í þessu nýtisku fjárhúsi svo fundargesti ætti ekki að vanhaga um neitt. Hægt er að kaupa ýmis konar veitingar fyrir hópa.

Djúpur dalur liggur inn af Heimabæ en í göngufæri til austurs er Arnarnes þar sem í boði er magnað útsýni yfir Ísafjarðardjúpi og blóðrautt sólarlag sem óviða þykir gefurra en á nesinu.

Hægt er að panta skemmtilega afþreyingu og sjá húsráðendur um að skipuleggja ratleiki og/eða aðra samkvæmisleiki ef svo ber undir.

Byggðasafnið

Neðstakaupstað, 400 Ísafjörður

S: 456-3291

www.nedsti.is

Byggðasafn Vestfjarða er til húsa í Turnhúsinu svokallaða sem ásamt Tjörúhúsinu, Krambúðinni og Faktorshúsinu mynda elstu húsaþyrpingu landsins í Neðstakaupstað á Ísafirði. Í safninu eru til sýnis ýmsar merkar minjar frá forni tíð og lögð er sérstök áhersla á sjóminjar eins og staðsetning safnsins gefur tilefni til. Húsið sjálft og í raun Neðstikaupstaður allur eru í sjálfu sér stórmærkilegur safngripur og er leitun að öðru safni með eins viðeigandi umhverfi og Byggðasafn Vestfjarða.

Í Turnhúsinu er í boði að halda móttökur fyrir um 80 manns. Umgjörðin verður óviða skemmtilegri og sérstakari en þar.

Eðinborgarhúsið

Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður

S: 456-5444

www.edinborg.is

Eðinborgarhúsið er fornfrægt verslunar- og fiskvinnsluhús, bárujárnsklætt og stendur við miðbæ Ísafjarðar. Húsið er alls um 1.700 fermetrar á þremur hæðum, reist árið 1907 af miklum stórhug og bar þá höfuð og herðar yfir önnur manna verk á norðanverðum Vestfjörðum. Eðinborgarhúsið var tekið í gegn frá grunni fyrir nokkrum árum og þar innréttað alhliða menningarmiðstöð. Reglulega eru þar sett upp leikrit og tónleikar og aðrir listviðburðir.

Þrjár salir eru í húsinu sem allir henta prýðisvel undir ráðstefnu- og fundahald. Á fyrstu hæð er Rögvaldarsalur sem tekur um 80 manns í sæti. Á jarðhæð er Bryggjusalur sem tekur um 120 manns og Eðinborgarsalur um 200 manns. Opna má á milli tveggja síðastnefndu salanna. Hljóðkerfi, skjávarpi og Internet standa til boða í öllum þremur sölonum. Í húsinu er einnig veitingastaður sem tekur um 100 manns í sæti.

Einarshúsið

Hafnargötu 41, 415 Bolungarvík

S: 456-7901, 864-7901

www.einarshusid.is

Í þessu merka húsi bjuggu tveir mestu athafnamenn Bolungarvíkur á 20. öldinni, þeir Pétur Oddsson og Einar Guðfinnsson. Húsið er tvílyft tímburhús á steinsteypukjallara, byggt árið 1904 og var á sínum tíma með stærstu og reiselegustu íbúðarhúsum landsins.





Fundir og ráðstefnur

Arnardalur | Byggðasafnið | Edinborgarhúsið | Einarshúsið | Faktorshúsið | Heydalur | Hótel Ísafjörður | Hótel Núpur
Náttúrustofa Vestfarða | Safnahúsið | Skrifstofuhótelíð

Húsið var í niðurniðslu þegar núverandi eigendur tóku við því fyrir fimm árum en það hefur nú verið endurbyggt í sinni upprunalegu mynd og þykir hin mesta bæjarprýði í dag.

Í húsinu er fundaraðstaða fyrir 40 til 50 manns. Þar er í boði öll nútíma aðstaða; Internet, skjávarpi og hljóðkerfi. Veitingastaður er á fyrstu hæð hússins þar sem áhersla er lögð á ferska sjávarrétti. Í kjallara hússins er síðan staðsett krá þeirra Bolvikinga sem opin er um helgar og þegar þörf er á.

Faktorshúsið

Aðalstræti 42, 400 Ísafjörður

S: 899-0742

www.randburg.is/is/aslaug/

Faktorshúsið í Hæstakaupstað var reist árið 1788. Árið 1993 var það í niðurniðslu eftir átátuga vanrækslu sem leiddi af sér minnkandi veggsemd þess með hverju árinu. Það var endurreist frá grunni og náði um síðustu aldamót þeirri reism sem það á skilið. Húsið sem var lengst af íbúðarhús er nú kaffi- og veitingastaður á tveimur hæðum, rúmar samtals um 80 manns í nokkrum misstórum veitingastofum, sem henta fyrir 8-30 manna hópa. Þar eru haldnir fundir, þorablót, veislur og bókakynningar svo eitthvað sé nefnt. Í Faktorshúsinu er þráðlaus nettenging.

Húsið er búið fallegum antikhúsgöngnum og fullkomnu eldhúsi. Efri hæð hússins skiptist í tvennt, lítinn, hráan-skarsúðaóan sal annars vegar og fallega (brúðar)svitu hins vegar. Hægt er að fá söguleiðsögn um Faktorshúsið. Saga í hverri spýtu!

Heydalur

Heydal, Mjóafirði, 420 Súðavík

S: 456-4824

www.heydalur.is

Sveitahótelíð Heydalur er í 135 km fjarlægð frá Ísafirði og 320 – 360 km fjarlægð frá Reykjavík eftir því hvaða leið er valin. Veitingasalur rúmar vel 100 manns og heppileg fundaraðstaða er fyrir 10 – 40 manns. Boðið er upp á gistingu fyrir 20 – 30 manns í átta, tveggja manna herbergjum og einu þriggja manna herbergi með sér baðherbergjum og fimm tveggja manna herbergjum í sumarbústað. Gott tjaldstæði. Náttúruleg vigoð af Gvendi góða.

Gnægð afþreyingar er í boði. Kajak- og hestaleiga og veiði í vötnum á sumrin og á veturna vélsleðaferðir og ágætis gönguskiðaleiðir. Falleg gönguleið er inn dalinn sem eitt sinn rúmaði 13 bæi. Ríkt fuglalíf og fugla- og plöntuspjöld eru til fróðleiks. Húsráðendur eru sveigjanlegir og reyna að mæta þörfum sinna gesta.

Hótel Ísafjörður

Silfurtorgi 2, 400 Ísafjörður

S: 456-4111

www.hotelisafjardur.is

Hótel Ísafjörður er þriggja stjarna hótel við Silfurtorg, í hjarta Ísafjarðar steinsnar frá allri þjónustu. Á hótelinu eru 36 tveggja manna herbergi og innréttað í létum skandinaviskum stíl. Herbergin eru öll með baði og helstu þægindum svo sem sjónvarpi, sima, hárfurrku og kaffisetti, auk þess sem háhraða nettenging er á öllum herbergjum til almota fyrir gesti þeim að kostnaðarlausu. Frábært útsýni úr öllum herbergjum, annað hvort yfir Silfurtorg eða Pollinn. Í næsta nágrenni eru einnig sundlaug, upplýsingamiðstöð, sófn og strætisvagnar.

Veitingasalurinn er opin allan daginn og þar er boðið upp á morgunverð auk hádegis og kvöldverðar.

Starfsfólk hótelsins leggur sitt af mörkum til að gera dvölina bæði ánægjulega og þægilega og hefur faglegan metnað til að takast á við viðfangsefni af ýmsu tagi. Persónuleg þjónusta og heimilislegt andrúmsloft hótelsins og nálægð við einstæða náttúru skapar ódruvsi umgjörð.



Hótel Núpur
Núpi, Dýrafirði, 471 Þingeyri
S: 456-8235
www.hotelnupur.is

Hótel Núpur er í fyrrum héraðsskóla að Núpi í Dýrafirði, umvafinn tignarlegum fjöllum með ólýsanlegu útsýni yfir fegurstu tinda Vestfjarða og sægrænan Dýrafjörðinn. Steinsnar frá hótelinu eru margar af þeim Vestfjarða, eins og til dæmis Skrúður, elsti skrúðgarður landsins sem aðrir slíkir garðar draga nafn sitt af. Dynjandi í Arnarfirði og fjallið Kaldbakur eru aðrir staðir sem vert er að heimsækja.

Á Núpi þurfa menn ekki að sitja eins og sild í tunnu, þar er vitt til veggja og stórir salir. Matsalur ræður við um 250 manna ráðstefnu, íþróttasalur tekur um 300 í sæti og þar að auki eru fimm stofur sem hver um sig rúma milli 30 og 50 manns. Boðið er upp á skjávarpa, Internet og hljóðkerfi. Þá er gistirými fyrir um 90 manns í uppábúnum rúnum auk þess sem svefnpokagisting er í boði fyrir hópa.

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík
S: 456-7005
www.nave.is

Í Náttúrugripasafninu í miðbæ Bolungarvíkur er funda- og ráðstefnusalur sem er samtengdur við Náttúrustofu Vestfjarða.

Í salnum eru sæti fyrir allt að 80 manns, skjávarpi og þráðlaust net. Hægt er að bjóða upp á þjónustu fyrir útprentun og ljósritun. Aðgengi er fyrir fatlaða ásamt salerni fyrir hjólastóla. Möguleiki er á að bjóða upp á kaffi og/eða veitingar í hliðarsal en einnig er veitingastaður í næsta húsi.

Þar sem fyrirlestrasalurinn er samtengdur sýningarsal Náttúrugripasafnsins er umhverfið óneitanlega sérstakt. Í safninu er stórt fuglasafn auk þess sem þar eru m.a. spendýr, steinar, egg og skeljar. Gott getur verið að teygja úr sér eftir langa setu og rölta um fallett safn.

Safnahúsið
Eyrartúni, 400 Ísafjörður
S: 450-8220
www.safn.isafjordur.is

Safnahúsið á Ísafirði, eða gamla sjúkrahúsið, er af mörgum talin ein fallettasta húsbýgging landsins. Húsið var vígt árið 1925 og gegndi hlutverki sjúkrahúss fram á niunda áratug síðustu aldar. Sjúkrahúsið var glæsilegasta hús sinnar tegundar hér á landi á sínum tíma og ber vitni um stórhug og djörfung þeirra sem að því stóðu. Það var eign Ísafjarðarkaupstaðar og rekið að öllu leyti fyrir hans reikning og á hans ábyrgð.

Í húsinu eru nú Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði, Ljósmyndasafn Ísafjarðar, Héraðsskjalasafnið og Listasafn Ísafjarðar. Í húsinu er veislu-, funda- og ráðstefnusalur fyrir allt að 60 manns með aðgangi að skjávarpa og Interneti.

Skrifstofuhótelíð
Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður
S: 450-5300
www.skrifstofuhotel.is

Skrifstofuhótelíð á Ísafirði hóf starfsemi árið 2006 og er á þriðju hæð hins nýja verslunar- og þjónustuhúsnæðis Neista í miðbæ Ísafjarðar, steinsnar frá allri opinberri þjónustu sem er í boði á norðanverðum Vestfjörðum.

Í boði eru þrjár fullbúnar skrifstofur, glæsilegur fundarsalur fyrir 12 manns með öllum helstu þægindum svo sem tölvutengdum 50 tommu sjónvarpsskjá og ADSL sjónvarpi, þráðlausu lyklaborði og mús, háhraða Internetnettingu, fundarsíma, flöttiðflu. Þá eru tenglar fyrir fartölvur, Internet og rafmagn í fundarborðinu. Einnig er í boði ráðstefnu- og móttökusalur með skjávarpa, þar sem 40-50 komast fyrir standandi, eða 30 í sæti.

Skrifstofuhótelíð sér um útvegum veitinga ef óskað er.





Afbreyning og samgöngur

**Blossi | Borea Adventures | F&S hóperðabílar | Kómediuleikhúsið | Vesturferðir
Víkingsvæðið Þingeyri | Yogaljósið**

Þegar kemur að afbreytingu er af nógu að taka á Ísafirði og nágrenni og þegar brjóta á upp daginn eftir langa fundasetu eru ótal möguleikar í boði. Kajak, gönguferðir, skútusiglingar, sjóstöng, leikhús, sigling á vikingaskipi, allt sem hugurinn þráir og meira til.

Vestfirðir eru þekkir um allan heim fyrir stórfenglega náttúru og það er einmitt nálægðin við náttúruna sem gerir fundi og ráðstefnur á Ísafirði og nágrenni svona eftirsóknaverða, en það þarf bókstaflega ekki nema að rétta út höndina til að komast í snertingu við ósnortna náttúru Vestfjarða. Upplifun í náttúrunni með hópinn þinn er annar heimur út af fyrir sig og ómetanleg til að fullkomna daginn.



Blossi – Sjóstöng í Önundarfirði.

Drafnargata 6, 425 Flateyri

S: 456-7671

www.blossi.net

Frá miðjum júní fram í september er hægt að fara í siglingu um Önundarfjörð á bátnum Blossa Ís. Á siglingu um Önundarfjörð eru það ekki einungis hrikaleg hamrabeltin í hinum háa fjallasal og litadýró sem heilla, heldur einnig fjölskrúðugt fuglalíf. Fyrst og fremst um að ræða íslenska sjófugla og eru allar nánari upplýsingar um þá að finna um borð í Blossa. Seli er að finna á þessum slóðum og hvali kann jafnvel að bera fyrir augu – þótt engu sé lofað!

Um borð er allur búnaður til veiða, einungis þarf að taka með sér hlífóarfátnað.

Ferð á sjóstöng tekur 1 til 3 tíma.

Borea Adventures / Skútusiglingar ehf

Hlíðarvegur 38, 400 Ísafjörður

S.899-3817

www.boreaadventures.com

Borea Adventures er ævintýrafyrirtæki á Ísafirði sem býður upp á ævintýraferðir með leiðsögn fyrir minni og stærri hópá.

Fyrirtækið á og rekur Auroru, stærstu seglskiútu Íslands sem hefur öll þægindi fyrir allt að 10 manna hópá sem gefst tækifæri á að sigla um norðanverða Vestfirði frá mars til lok september. Hægt er að fara í dagsferðir eða gista um borð í eina eða fleiri nætur, fara í gönguferðir, skoða dýralíf og fuglabjörgin eða skella sér á kajak innan um forvitna seli og fugla.

Borea Adventures býður auk þess upp á fjölbreytt úrval dagsferða út frá Ísafirði eins og gönguferðir yfir fjöll og firmindi, 2ja-6 tíma kajakferðir um fríðsæla firði, gönguferð á Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða og margt fleira. Einnig er hægt að sérsníða ferðir fyrir hópá af ýmsum stærðum.

Borea Adventures býður einungis upp á hressa og reynslumikla leiðsögumenn sem tryggir að allir fari heim með bros á vör.

F&S hópferðabílar

Vallargötu 15, 470 Þingeyri

S: 893-1058

www.vidfjardinn.is

F&S hópferðabílar gera út frá Þingeyri en starfsvæði þeirra nær yfir alla Vestfirði og í raun víðar ef því er að skipta. Fyrirtækið hefur yfir að ráða bílum fyrir litla eða stóra hóp. Starfsmenn eru vel staðkunnugir og boðnir og búnir til að leiðbeina ókunnugum um öngstræti Vestfjarða og þá földu leyndardóma sem eru utan alfaraleiðar.

Til að mynda er ferðalag um svokallaðan Svalvogahring, frá Dýrafirði til Arnarfjarða og til baka, upplifun sem enginn getur gleymt. Þjólmargar aðrar áhugaverðar akstursleiðir eru í boði í nágrenninu og er sjálfsagt að hafa samband og fá nánari útlístanir.



Kómediuleikhúsið**Tungötu 17, 400 Ísafirði****S: 891-7025****www.komedia.is**

Kómediuleikhúsið er fyrsta og eina atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum. Uppsetningar leikhússins á verkum eins og Gísla Súrssyni og Dimmalimm hafa vakið gríðarlega lukku um alla Vestfirði og í raun miklu víðar. Gíslí Súrsson hefur ferðast víða um land, verið sýndur um 200 sinnum og hlotið verðlaun á alþjóðlegum leiklistarhátíðum í Þýskalandi og í Albaníu. Leikhúsið sér árlega um stjórn einleikjahátíðarinnar Act alone sem haldin er á Ísafirði þar sem aðgangur er ókeypis. Þá hefur leikhúsið gefið út fimm hljóðbækur þar sem fluttur eru þjóðsögur víðsvegar að af Vestfjörðum.

Kómediuleikhúsið á í förum sínum fjölbreytt skemmtiatriði fyrir fólk á aldrinum 1 – 102 ára og er því tilvalin kostur fyrir þá sem vilja bjóða upp á veglega skemmtun í sínum ferðum.

Vesturferðir**Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður****S: 456-5111****www.vesturferdir.is**

Vesturferðir er vestfirsk ferðaskrifstofa sem starfar allt árið og hefur að skipa starfsfólki með mikla reynslu af skipulagningu og framkvæmd hvers konar funda og ráðstefna, eins og að útvega fundaraðstöðu og gistingu, skipuleggja ferðir fyrir fundargesti, veitingar og ýmiskonar afþreyingu. Mikilvægt er að samræma öll þau fjölmörgu atriði sem snúa að undirbúningi funda og ráðstefna þannig að framkvæmdin verði eins hnökralaus og kostur er. Þar hafa Vesturferðir reynsluna og þekkinguna sem til þarf.

Vesturferðir sérhæfa sig einnig í dægradvöl fyrir maka ráðstefnugesta og eru möguleikar á margvíslegum ferðum og uppákomum á svæðinu sem gera dölina ánægjulega og eftirminnilega.

Víkingasvæðið Þingeyri**S: 863-2412****thorir@simnet.is**

Gísla saga Súrssonar spannar stórt svæði af fjörðunum og þar er sögustöðunum lýst af kunnáttu og nákvæmni. Allt fram á 20. öldina voru atvinnuhættir á þessum slóðum hinir sömu og voru á dögum Gísla Súrssonar. Þegar svo tækni nútímans hóf innreið sína á Vestfirði, voru sumir staðir þegar komnir í eyði. Þess vegna lita ýmsir sögustaðanna nánast eins út og þeir gerðu á meðan Gíslí Súrsson gekk þar um. Vegna hinnar ósnortnu náttúru sem þú getur svo víða notið á Vestfjörðum, hefur þú tækifæri til að komast í snertingu við söguþrungna fortið svæðisins. Á Þingeyri er búið að byggja upp Víkingasvæði með útivistarsvæði sem saman stendur af sviði, bekkjum og borðum og grillaðstöðu og er aðstaðan mynduð úr hringhleðslu úr grjóti. Þá er tilvalið að fara með hópinn í siglingu með Víkingaskipinu Vesteini.

Ljósið þitt – Yoga og meðferðarmiðstöð**Silfurgötu 5, 400 Ísafjörður****S: 863-8125****www.ljosyoga.is**

Í hjarta Ísafjarðar er til húsa yoga- og meðferðarmiðstöð sem heitir Ljósið þitt. Ljósið þitt var stofnað í september 2008 en á bak við fyrirtækið standa aðilar með mjög mikla reynslu í yoga, hómópatíu og höfuðbeina- og spjaldhyrsggsmeðferð. Þar er boðið upp á öna yogatíma, pilates og detox helgamámskeið svo e-ó sé nefnt en einnig er í boði instaklingsmeðferðir í hómópatíu og höfuðbeina- og spjaldhyrsggsmeðferð. Þá hefur Yogaljósið staðið fyrir útiyoga í stórkostlegri náttúru Ísafjarðar.

Það er tilvalið fyrir maka ráðstefnugesta að skella sér í Ljósyoga en ekki síður mikilvægt fyrir funda og ráðstefnugestina sjálfa að gefa sér tíma til að hlaða orku sem veitir þann innblástur og orku sem þarf til þess að gera fundinn sem árangursrikastan.





Skipulagning funda- og ráðstefnuferða

Flugfélag Íslands | Vesturferðir

Það er að mörgu að huga þegar skipuleggja þarf viðburði eins og fundi og ráðstefnur. Fagleg þjónusta, góðir afþreyingamöguleikar, hentugir fundasalir, friður og afslappað umhverfi og síðast en ekki síst góð skipulagning.

Því er mikilvægt að leita til fagaðila þegar skipuleggja þarf slíka viðburði en bæði ferðaskrifstofan Vesturferðir og Flugfélag Íslands taka að sér að skipuleggja fundi og ráðstefnur á Ísafirði og í nágrenni.



Skipulagning funda- og ráðstefnuferða

Flugfélag Íslands | Vesturferðir

Flugfélag Íslands
Reykjavíkurlflugvelli
S: 570 3075
www.flugfelag.is

Flugfélag Íslands er öflugt flugfélag sem auk innanlandsflugs á Íslandi þjónar vest-norrænu löndunum, Grænlandi og Færeyjum. Á Ísafjarðarflugvelli er ein megin þjónustumiðstöð innanlandsflugs á landinu og er flogið að meðaltali tvisvar á dag milli Ísafjarðar og Reykjavíkur allan ársins hring.

Flugfélag Íslands býður fyrirtækjum upp á skipulagningu stuttra funda- og ráðstefnuferða. Boðið er upp á fundarsali vel búna tækjum, veitingaþjónustu og annað sem fyrirtæki þurfa til að geta haldið árangursríkan fund í friði frá amstri dagsins. Spara má bæði tíma og fyrirhöfn með því að nota fyrirtækjaþjónustu Flugfélagsins þegar funda þarf.

Vesturferðir
Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður
S: 456-5111
www.vesturferdir.is

Vesturferðir er vestfirsk ferðaskrifstofa sem starfar allt árið og hefur að skipa starfsfólki með mikla reynslu af skipulagningu og framkvæmd hvers konar funda og ráðstefna, eins og að útvega fundaraðstöðu og gistingu, skipuleggja ferðir fyrir fundargesti, veitingar og ýmiskonar afþreyingu. Mikilvægt er að samræma öll þau fjölmörgu atriði sem snúa að undirbúningi funda og ráðstefna þannig að framkvæmdin verði eins hnökralaus og kostur er. Þar hafa Vesturferðir reynsluna og þekkinguna sem til þarf.

Vesturferðir sérhæfa sig einnig í dægradvöl fyrir maka ráðstefnugesta og eru möguleikar á margvíslegum ferðum og upþákomum á svæðinu sem gera dölina ánægjulega og eftirminnilega.

